

greiðsludags, $\frac{1}{3}\%$ í þóknun, kr. 1552.00 í bankakostnað, kr. 2.500.00 í málskostnað, auk kostnaðar við fjárnám og uppboð.

Gerðarþoli á hér heima og er ekki viðstaddur. Kona hans, Anna Steindórsdóttir, mætir og segist ekki borga skuldina.

Samkvæmt ábendingu hennar lýsti fógæti yfir fjárnámi í bílnum R 11189 og lofaði mætt að láta gerðarþola vita af fjárnáminu.

— — — — —

Mánudaginn 21. janúar 1963.

Nr. 98/1962. **Skiptaráðandinn í Reykjavík f. h. dánarbús H**
(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

J f. h. ólögráða sonar hennar, E
(Árni Guðjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Mál til véfengingar faðernis. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Theódór S. Georgsson, fulltrúi bæjarfógeta í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. júlí 1962. Krefst hann dóms fyrir því, „að H teljist ekki hafa verið faðir barnsins E“. Hann krefst ekki málskostnaðar.

Stefndi, sem fengið hefur gjafvörn hér fyrir dómi, gerir þessar kröfur:

1. „Að viðurkennt verði með dómi, að H teljist ekki hafa verið faðir drengsins E, f. 25. febrúar 1959.“

2. „Að áfrýjandi, db. H, verði dæmt til greiðslu málskostnaðar, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.“

3. Að málflytjanda stefnda fyrir Hæstarétti verði dæmd hæfileg talsmannslaun úr ríkissjóði.

B, sem í héraðsdómi greinir, hefur verið stefnt til réttargæzlu. Hefur hann andmælt kröfum áfrýjanda og krafist ómaksbóta úr hendi hans fyrir mót í Hæstarétti.

Þau H og J gengu í hjónaband 28. júní 1958. Hinn 24. september s. á. fengu þau leyfi til skilnaðar að borði og sæng. Var eiginkonan, J, þá vanfær og H um það kunnugt. Fæddist barnið, sem hlaut nafnið E, hinn 25. febrúar 1959. Var hjónabandi þeirra H og J þá ekki slitið, en lögskilnaður þeirra var ger hinn 7. október 1960. Samkvæmt þessu bar að telja barnið E skilgetið, shr. 1. gr. laga nr. 57/1921, nema á annan veg yrði dæmt í véfengingarmáli, eftir því er síðar greinir í nefndum lögum. H höfðaði véfengingarmál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur hinn 30. janúar 1961, og var þá löngu liðinn sá 6 mánaða málshöfðunarfrestur, sem greinir í 3. gr. laga nr. 57/1921. Ber þegar af þeirri ástæðu að vísa málinu sjálfkrafa frá héraðsdómi.

Eftir atvikum þykir mega ákveða, að málskostnaður í Hæstarétti falli niður, en dæma ber skipuðum málflytjanda stefnda fyrir Hæstarétti málssóknarlaun úr ríkissjóði, kr. 5000.00.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Málflutningslaun skipaðs málflytjanda stefnda fyrir Hæstarétti, Árna Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 28. júní 1962.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 24. þ. m., var eftir kröfu H höfðað gegn J, — — — f. h. ólögráða sonar hennar, E, og gerði H, — — —, þær réttarkröfur, að því yrði slegið föstu með dómi, að hann væri ekki faðir drengsins E, sem J ól þann 25. febrúar 1959.

H drukknaði þann 16. janúar 1962, og hefur dánarbú hans tekið við aðild málsins.

Málskostnaðar hefur ekki verið krafizt.

Málavextir eru þessir:

Þann 22. júní 1960 sneri konan J sér til sakadómaraembætt-

isins í Reykjavík með beiðni um útgáfu meðlagsúrskurðar á hendur B, — — —, þar sem hann yrði skyldaður til greiðslu meðlags með drengnum E, sem mál þetta er risið af. Þegar B var kallaður fyrir 25. júní 1960, gekkst hann við faðerni barnsins og undirritaði yfirlýsingu þar að lútandi. Var meðlagsúrskurður síðan gefinn út um meðlagsgreiðslur B með drengnum. Þá hafði það ekki komið fram, að þau H og J höfðu verið í hjónabandi og voru skilin að borði og sæng, er drengurinn fæddist. B krafðist síðar ógildingar úrskurðarins, og var orðið við þessari kröfu, þar sem í ljós var komið, að barnið var skilgetið í skilningi laga nr. 57/1921 um afstöðu foreldra til skilgetinna barna.

H hefur skýrt svo frá, að hann hafi búið með J á árunum 1956—1958. Samvistir þeirra slitnuðu í janúar 1958. Flutti J þá burt af heimili þeirra. Á sambúðartíma þeirra eignuðust þau eitt barn, sem fæddist andvana. Vorið 1958 var H skipverji á togara frá Reykjavík. Kveðst hann ekki hafa komið til Reykjavíkur í 1½ mánuð, eða ekki fyrr en 17. júní. Þann dag hitti hann J í Reykjavík. Tjáði J honum, að hún væri ófrísk af völdum B. Eigi að síður ákváðu þau H og J að ganga í hjónaband, og voru þau gefin saman 28. júní s. á. Að tveimur mánuðum liðnum slitu þau samvistir og fengu skilnað að borði og sæng 24. september 1958. Lögskilnað fengu þau 7. október 1960. Að sögn H kom það aldrei til álita, að hann yrði talinn faðir barnsins, sem J átti í vændum. Var það tekið fram í skilnaðarleyfi að borði og sæng, að H væri ekki faðir barnsins. H segir, að frá því að þau J slitu samvistir í janúar 1958 hafi þau ekki haft samfarir saman fyrr en nóttina eftir 17. eða 18. júní s. á.

Eins og að ofan greinir, drukknaði H þann 16. janúar 1962 og hafði hann ekki gefið frekari skýrslu í málinu, áður en hann dó.

J segir, að kynni hennar og B hafi verið gömul, en þau hafi tekið upp samlíf um miðjan marz mánuð 1958 og hafi það haldið til 24. maí 1958, en þann dag höfðu þau seinast samfarir. Rúmri viku síðar kveðst hún hafa hitt B á götu í Reykjavík og beðið hann að koma og tala við sig. Kveðst hún þá hafa verið orðin viss um, að hún væri þunguð af völdum B. Rétttri viku síðar kom B til J og skýrði hún honum þá frá því, að hún væri þunguð af hans völdum og hefði það orðið 24. maí. J kveðst svo ekki hafa haft samband við B fyrr en 28. júní, er

hann kom heim til hennar. Þá höfðu þau J og H ákveðið að ganga í hjónaband, og vildi J því losna sem fyrst við B og sagði honum þess vegna, að hún væri ekki þunguð.

J kveðst ekkert samband hafa haft við H, frá því að þau slitu samvistir í janúar 1958, þar til H kom heim til hennar þann 17. júní s. á. Kveðst J þá hafa greint H frá því, að hún væri þunguð af völdum B. Eftir 17. júní 1958 hittust þau J og H öðru hverju og ákváðu að ganga í hjónaband og voru gefin saman 28. júní 1958. Segir J, að H hafi ekki talið það standa neitt í vegi fyrir væntanlegum hjúskap þeirra, að J væri þunguð af völdum B. Kom þeim J og H saman um það, að H yrði að sjá um framfæri barnsins, sem J átti von á, en hins vegar skyldi H ekki teljast faðir þess.

J segir heimilislækni sinn hafa staðfest það 6. eða 7. júní, að hún væri þunguð. Í ágúst 1958 skrifaði J B og bað hann að koma og tala við sig. Kveðst J hafa skýrt B frá því í bréfi þessu, að hún hefði áður sagt honum ósatt til um ástand sitt, þar sem hún hefði þá vitað, að hún var þunguð. B kom að máli við Jensínu og kvaðst rengja þessa frásögn hennar og krefjast þess, að blóðrannsókn færi fram. J segir enn fremur, að hún hafi síðan ekkert samband haft við B eftir þetta fyrr en skömmu eftir að barnið fæddist. Þá kom B heim til J að beiðni hennar, og kveður J B þá hafa viðurkennt að vera faðir drengsins E, sem J ól 25. febrúar 1959 og greiddi B kr. 3000.00 sem meðlag með barninu.

Hefur J haldið fast við þá fullyrðingu, að engum öðrum sé til að dreifa sem föður drengsins E en B.

B skýrir svo frá, að hann hafi þekkt J alllengi. Hefur hann kannast við að hafa haft samfarir nokkrum sinnum við J vorið 1958 og hafi síðustu samfarir þeirra átt sér stað um hvítasunnu, sem þá mun hafa borið upp á 25. maí. Ekki viðhöfðu þau neinar varúðarráðstafanir til þess að hindra getnað. B telur, að það hafi verið í júní, sem hann hitti J á Laugavegi í Reykjavík, og kvaðst hún þurfa að tala við hann. Skömmu síðar kom B heim til J. Sagði hún honum, að hún væri hrædd um, að hún væri orðin þunguð og ætlaði hún að láta lækni rannsaka sig. Laugardag einn nokkru síðar kom B heim til J. Vildi hún þá ekkert við hann tala og kvað þetta allt í lagi. Hún væri búin að tala við lækni og ætlaði að gifta sig þennan sama dag. Nokkrum mánuðum síðar kveðst B hafa fengið bréf frá J. Skýrði hún honum þar svo frá, að hún væri að skilja við H, mann

sinn, og kvað B vera föður að barni því, sem hún gengi með. Eftir að barnið fæddist, hafði J enn samband við B. Kveðst hann hafa greitt J 9000 kr. upp í meðlög með barninu. B kvaðst ekki vita, hvort hann væri faðir að barni J og neitaði því ekki, að hann kæmi til greina sem faðir þess, en kvaðst gruna, að H kæmi einnig til greina sem faðir barnsins.

B kveðst hafa komið heim til J einhvern tíma um vorið 1958, en þá hafi H verið staddur þar hjá henni. Segir B, að þetta hafi verið daginn eftir 50 ára afmæli Hafnarfjarðarkaupstaðar, en sá dagur mun hafa verið 1. júní. Telur B samkvæmt þessu, að ekki fáiist staðizt sú fullyrðing H, að hann hafi ekkert verið í Reykjavík fyrr en eftir 17. júní.

Ekki hefur tekizt að færa sönnur á þetta atriði.

Eftir að teknir voru framburðir þeir, sem nú hafa verið raktir, fór fram blóðrannsókn á þeim J og B svo og drengnum E. Blóðrannsókn hafði ekki farið fram á H, áður en hann dó.

Niðurstaða blóðrannsóknarinnar varð þessi:

	Aðalflokkur	Undirflokkur	C	D	E	c	e
J	A2	M	+	+	—	—	+
E	A2	M	+	+	—	+	+
B	A1	M	+	+	+	—	+

Samkvæmt þessari rannsókn getur B ekki verið faðir drengsins E.

J hefur, þrátt fyrir þessa niðurstöðu blóðrannsóknarinnar, haldið fast við það, að B sé faðir E.

Með því að blóðrannsókn hefur þannig útilokað B frá faðerni E og enginn annar en H kemur því til greina sem faðir E samkvæmt því, sem fram er komið í málinu og E því skilgetinn samkvæmt 1. gr. laga nr. 57/1921, verður krafa H um það, að því verði slegið föstu með dómi, að hann væri ekki faðir E, ekki tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Krafa H um, að því verði slegið föstu með dómi, að hann væri ekki faðir E, verður ekki tekin til greina.

Málskostnaður fellur niður.